



VÍÐISTAÐASKÓLI

ÁBYRGÐ – VIRÐING - VINÁTTA

KENNSLUÁÆTLUN SKÓLAÁRÍÐ 2022 -2023

Námsgrein: Enska

Árgangur: 5. bekkur

Tímar á viku: 3 tímar

Kennari/ar: Sandra Dögg Friðriksdóttir og Svanhildur G. Þorgeirsdóttir

Markmið- hvað ætlum við að læra?

Hlustun:

- Skilja einfalt mál
- Skilja það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgja meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli.
- Fylgja með einföldu efni í myndmiðlum sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga.

Lesskilningur:

- Lesa og skilja stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.
- Finna afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,
- Lesa sér til gagns og gamans stuttar og einfaldar bækur.

Samskipti:

- Halda uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda.
- Spyrja og svara á einfaldan hátt.
- Skiptast á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.

Frásögn:

- Segja frá í einföldu máli og nota lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins.
- Segja frá eða lýsa sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Lesa upp eigin texta sem við höfum haft tækifæri til að æfa.

Ritun:

- Skrifa stuttan samfelldan texta um efni sem tengist okkur persónulega.
- Tengja saman einfaldar setningar, stafsetja nokkur algengustu orðin og nota algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki.
- Skrifa texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.

Menningarlæsi:

- Þekkja til nokkurra söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.
- Átta okkur á að algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem við þekkjum.

Námshæfni:

- Setja okkur einföld markmið með stuðningi frá kennara
- Beita einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýta okkur titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tengja ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.

Námsefni- hvaða bækur og gögn notum við?

- English grammar 1
- Build up 1
- Portfolio – topic books
- Hickory, Dickory, Dock
- Ljósrit
- Yes we can 5

Kennsluaðferðir – hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Innlögn
- Umræður
- Hópavinna
- Heimavinna
- Vinnubókavinna

Námsmat – hvað og hvernig er nám og vinna metin?

- a. Lykilhæfni:
 - Virkni í tímum
 - Að nemandi geti unnið sjálfstætt
 - Að nemandi getur unnið með öðrum
- b. Náms hæfni:
 - Skrifleg próf
 - Vinnubók
 - Hópverkefni

Kennari áskilur sér rétt til breytinga